

Þegar fjárhagsskýrslur þær, er hjer eru prentaðar, eru bornar saman við álfkar skýrslur frá fyrri árum (Skýrslur um landshagi I bls. 215—233, II bls. 308—330 og III bls. 274—296 og 820—843), og þar að auki afgangsupphæðinni hvert ár er skipt með tölu þeirra kirkna, er fjárhagsskýrsla hefir verið gefin fyrir, koma út eftirfylgjandi upphæðir, en þær koma eigi heim við það, sem á hinum tilvitnuðu stöðum í skýrslum um landshagi er talið meðalsjóður og meðalskuld hverrar kirkju 1853 1857, 1860 og 1863, af því að höfundur þessara skýrslna hefir haft aðra reikningsaðferð en hjer er höfð.

Ár	Tala kirkna, sem áttu í sjóði.	Sjóðirnir samtals. kr.	Tala kirkna, sem voru í skuld.	Skuldir samtals. kr.	Afgangur. kr.	Kirkjur samtals.	Medalfjárhag- ur hverrar kirkju. kr.
	1853	194	92658	91	41697	50961	285
1857	195	114748	89	42848	71900	284	253
1860	194	130383	93	56699	73684	287	257
1863	200	156911	88	56610	100301	288	348
1864	203	165844	81	46577	119267	284	420
1867	200	164248	85	59809	104439	285	366
1869	204	172191	82	54721	117470	286	411
1871	204	174461	83	51827	122634	287	427
1873	210	186875	73	49266	137609	283	486
1875	209	202926	76	50805	152121	285	534
1877	206	208613	81	51414	157199	287	548

Skýrsla um byggingaár kirkna hefir að eins verið gefin af einstökum próföstum. Í þeim prófatsdömmum, þar sem skýrslurnar um þau 15 ár, er farið hefir verið yfir, ekkert hefir haft inni að halda um þetta atriði, hafa byggingaárin fyrir einstakar kirkjur verið sett eftir öðrum skýrslum.

Það þótti ekki nauðsynlegt að lýsa ástandi kirkna, nema eftir skýrslunni 1877. Kirkjum er hjer eins og í eldri skýrslum skipt í 6 flokka eftir því, sem þær eru álitnar að vera í ágætu standi (ág.), dágóðu standi (dg.), góðu standi (g.), bærulegu eða sömi-  
legu standi (b.), laklegu eða «brúkanlegu» standi (l.), og í illu eða hrörlegu standi (i.). Þegar ástand kirkna 1877 er borið saman við ástandið 1863, verður þessi niðurstaðan:

	1863.	1877.		1863.	1877.	1863.	1877.
Steinkirkjur	5	7	Kirkjur í ág. st.	47	41	Fluttar	251
Timburkirkjur	183	217	— - dg. —	47	59	í l. st.	21
Torfkirkjur	111	75	— - g. —	85	98	í i. st.	18
	299	299.	— - b. —	72	64	engin skýrsla um	9
							6
						299	299.

## Stjórnarbrjef og auglýsingar.

### S a m þ y k k t

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum í Seyðisfjarðar og Loðmundar-  
fjarðar flóa, samín samkvæmt lögunum frá 14. desbr. 1877.

1. Frá því um jól og til 20. júní á sumrin má enginn leggja lóðir utar í sjó en að  
línu þeirri, er liggur frá Stapa (milli Skálanestanga og Þórisvogs) að sunnan í Róðrar-  
Hin 5. septbr. 1879.

88

30. júní.

**88** sker (við svo kallaðan Landsenda við norðanverðan Loðmundarfjörð) að norðan eptir 30. júní. sjónhendingu.

2. Frá 20. júní til jóla, má leggja lóðir allt að línu þeirri, er dregin verður sjónhending frá Jötnatanga (sem er næsti tangi fyrir utan Brandsurð, en innan Vogahnúðu) að sunnan í Máfabrik (utan við innri Álptavík) að norðan. Allir mega brúka þá beitu, er þeir helzt vilja og geta fengið.

3. Enginn má afhöfða eða slægja fisk á sjó, og ekki mega skip, sem liggja fyrir akkeri og stunda fiski á bátum, gjöra það nema við land. Nú kemur bátur með afhöfðan eða slögðan fisk eða hvorttveggja heim, og skulu þá menn þeir, sem á bátum eru, sýna glögg skilríki fyrir því, — ef krafist verður, — að þeir hafi gjört það á landi, en geti þeir það ekki, þá ber að álíta, að þeir hafi gjört það á sjó.

4. Nú brýtur einhver á móti ákvörðunum í framanskrifuðum greinum, og varðar það frá 1—100 króna sekt eptir málavöxtum.

Helmingur sektarinnar rennur í sveitarsjóð þar, sem brotið er framið, en hinn helmingur tilfellur þeim, er kemur brotinu upp.

5. Útgjörðarmaður báta, enskipstjórinn hvað þilskipin snertir, hefir að öllu leyti ábyrgðina af því, ef sjómenn hans brjóta á móti samþykkt þessari, en aptur á móti eru þeir einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldir að endurgjalda honum allt það tjón, er þeir með þessu móti hafa orsakað honum.

6. Það er skylda allra þeirra, er á opnum skipum stunda fiskiveiðar í Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar flóa, að hafa eptirlit með, að ekki sje brotið gegn samþykkt þessari, og innan þriggja sólarhringa að tilkynna það hlutaðeigandi hreppstjóra eða sýslumanni, ef brot hefir verið framið á móti ákvörðunum í henni.

Verði nokkur sannur að því, að hafa ekki komið upp eða sagt frá þesskonar yfirsjón, er hann sekur um 1—20 króna sekt eptir málavöxtum, og rennur helmingur sektarinnar í sveitarsjóð, en hinn helmingur tilfellur uppljóstrarmanninum.

Heimilt er öllum að fiska með handfæri hvar og hvenær er vera skal, þó svo að ekki sje brotin 3. grein.

Frumvarp þetta var framlagt á fundi að Dvergasteini hinn 30. ágúst 1878 og samþykkt af fundarmönnum.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu h. 3. septbr. 1878.

*P. Böving.*

\*

Samkvæmt 5. gr. laga 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, er framanskrifuð samþykkt hjer með af amtinu staðfest, og öðlast hún lagagildi frá þeim degi, að hún er birt í stjórnartíðindunum, deildinni B.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 30. júní 1879.

*Christiansson.*

**89**  
16. ágúst

### Samþykkt

fyrir Ísafjardarsýslu og Ísafjardarkaupstað um fiskiveiðar á opnum skipum.

Sýslunefndin í Ísafjardarsýslu hefir með lögakveðinni hlutdeild af hálfu bæjarstjórnarinnar í Ísafjardarkaupstað, samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, gjört eptirfylgjandi